

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra þann 6. október 2014 staðfest aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008-2020.

Með erindi dagsettu 1. apríl 2014 lagði Skipulagsstofnun til við ráðuneytið að það frestaði að staðfesta skipulagstillöguna að hluta til, sbr. 2. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þar sem tillagan væri haldin efnisgalla. Óskaði ráðuneytið eftir umsögn sveitarfélagsins um tillögu Skipulagsstofnunar, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Sveitarfélagið lagfærði skipulagstillöguna og samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er skipulagstillagan og málsmeðferð hennar í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 6. október 2014.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Íris Bjargmundsdóttir.